

## Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um Vaðlaheiðargöng.

1. *Hver er staðan á fjármögnun Vaðlaheiðarganga samkvæmt samþykkt Alþingis í júní sl.?*

Staðan á fjármögnun er þannig samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins að samningur um lán á milli Vaðlaheiðarganga hf. og fjármála- og efnahagsráðuneytis sé nú tilbúinn til undirritunar.

2. *Hvað hefur Vegagerðin lagt í mikinn kostnað vegna ganganna?*

Vegagerðin hefur lagt út fyrir kostnaði hingað til og nam sá kostnaður um 466 millj. kr. án virðisaukaskatts um miðjan nóvember 2012. Vaðlaheiðargöng munu endurgreiða Vegagerðinni kostnaðinn og hann er inni í heildarkostnaðaráætlun fyrir göngin.

3. *Hver er uppfærð kostnaðaráætlun dagsins í dag, þ.e. miðað við tilboð IAV/Marti og annarra?*

Verðlag samningsins er miðað við byggingarvísitölu í ágúst 2011, kostnaðaráætlun á því verðlagi miðað við lægsta tilboð frá IAV/Marti er 10.957 millj. kr. með virðisaukaskatti. Miðað við byggingarvísitölu í desember 2012 er upphæðin 11.421 millj. kr. með virðisaukaskatti.

4. *Hversu mikið af greiðslum til IAV/Marti, sem er erlent fyrirtæki að mestu, verður í erlendri mynt?*

Samkvæmt ákvæðum útboðsgagna eru allar greiðslur í íslenskum krónum og skiptir þá ekki máli hvaðan fyrirtækið er.

5. *Hversu margir starfsmenn munu starfa við gerð ganganna, erlendir og innlendir?*

Það liggur ekki fyrir nákvæm starfsmannaáætlun nú. Þó er ljóst að starfsmannafjöldi mun sveiflast nokkuð en ætla má út frá fyrri verkum að heildarfjöldi verði um 80 manns að meðaltali í þrjú og hálf ár. Ekki liggur fyrir hve margir erlendir starfsmenn koma að verkinu en miðað við hugmyndir verktaka sem fram hafa komið gætu þeir orðið um 25 í tvö ár, en það er ekki ákveðið.

6. *Hvaða öryggiskröfur eru gerðar varðandi Vaðlaheiðargöng í samanburði við Hvalfjarðargöng? Eru kröfurnar meiri en lágmarksöryggiskröfur samkvæmt tilskipun 2004/54/EB? Eru þetta Trans European Road Network göng?*

Göngin skulu gerð samkvæmt norskum staðli, *Håndbok 021 Vegtunneler*, útgefnum af norsku vegagerðinni árið 2010. Samkvæmt þeim staðli skulu göngin vera í flokki B: 9,5 m breið í veghæð með tveimur akreinum á 7 m breiðri akbraut. Gerð og búnaður ganganna skal fullnægja sama staðli hvað varðar þægindi og öryggi umferðar. Staðallinn uppfyllir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/54/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarksöryggiskröfur fyrir

jarðgöng í samevrópska vegakerfinu, sem gildir hér á landi, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 992/2007 um öryggiskröfur fyrir jarðgöng. Hringvegur 1 er hluti samevrópska vegakerfisins og Vaðlaheiðargöng þar með.

*7. Er kostnaður við öryggismál inni í kostnaðaráætlun Vaðlaheiðarganga, svo sem slökkvibúnaður, neyðarsímar, vídeó-efirlit og fjarskipti?*

Allur kostnaður við öryggisbúnað til að uppfylla framangreindar reglur er innifalinn í kostnaðaráætlun.

Ekki er gert ráð fyrir vídeó-efirliti, enda er þess ekki krafist í göngum með þá umferð sem áætluð er í Vaðlaheiðargöngum, þ.e. flokk B í norska staðlinum.

*8. Hefur rekstraráætlun ganganna og greiðslugeta verið skoðuð miðað við uppfærðan stofnkostnað?*

Allar áætlanir vegna ganganna eru gerðar miðað við verðlag í ágúst 2011 eins og að framan greinir. Þá er gert ráð fyrir að allar tölur hækki í samræmi við byggingarvísitölu, veggjald þar með talið. Það þýðir að rekstraráætlunin er í gildi þrátt fyrir nokkrar verðhækkningar. Verði miklar verðhækkningar er hætt á að þær verði eitthvað misjafnar á einstaka liði og þá getur verið ástæða til að endurskoða áætlunina sem slíka.